

Mánudaginn 9. febrúar 1987.

Nr. 74/1986. **Jón Vídalín Jónsson**

(Ingvar Björnsson hdl.)

gegn

**Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu
og gagnsök**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Kröfugerð. Ómerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. apríl s.á. (mál nr. 112/1985). Útivistardómur gekk 3. febrúar 1986, en aðaláfrýjandi áfrýjaði að nýju 27. febrúar 1986. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 404.047,75 auk hækkunar lánskjaravísitölu 251 til 323, kr. 115.902,14 auk 8% ársvaxta af kr. 519.949,89 frá 25.7. 1981 til 30.3. 1982, kr. 28.308,38, þ.e. alls kr. 548.258,27 að frádregnum kr. 150.000,00 sem gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda hinn 30.3. 1982, en kr. 398.258,27 auk hækkunar lánskjaravísitölu 323 til 537, kr. 263.861,52, auk 8% ársvaxta af kr. 662.119,79 frá 30.3. 1982 til 21.4. 1982, en 7% ársvaxta af kr. 662.119,79 frá 21.4. 1982 til 30.3. 1983, þ.e. kr. 46.734,62, en kr. 708.854,41 auk hækkunar lánskjaravísitölu 537 til 854, kr. 418.448,51, auk 7% ársvaxta af kr. 1.127.302,92 frá 30.3. 1983 til 30.3. 1984, kr. 78.911,20, en kr. 1.206.214,12 auk hækkunar lánskjaravísitölu 854 til þeirrar lánskjaravísitölu, er gildir á greiðsludegi, auk 7% ársvaxta af uppreiknuðum höfuðstól miðað við gildandi lánskjaravísitölu hinn 30.3. ár hvert og leggist þá vextir við þannig uppreiknaðan höfuðstól árlega og myndi nýjan vaxtaberandi höfuðstól frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varakrafa: Til vara krefst aðaláfrýjandi þess að gagnáfrýjandi

verði dæmdur til að greiða kr. 404.047,75 auk hækkunar á lánskjaravísitölu 251 til 323 auk 8% ársvaxta frá 25.7. 1981 til 30.3. 1982, en þá að frádregnum kr. 150.000,00, sem gagnáfrýjandi greiddi þá aðaláfrýjanda, auk hækkunar lánskjaravísitölu 323 til greiðsludags auk 8% ársvaxta frá 30.3. 1982 til 21.4. 1982, en 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og leggist vextir við uppreiknaðan höfuðstól miðað við gildandi lánskjaravísitölu hinn 30.3. ár hvert og myndi þá nýjan vaxtaberandi höfuðstól svo og málskostnað.

Þrautavarakrafa: Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðra og lægri fjárhæð að mati dómsins með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 25.7. 1981 til 20.4. 1982, en 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.4. 1982 til 31.10. 1982, en 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1.11. 1982 til 20.10. 1983, en 4,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.10. 1983 til 20.11. 1983, en 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.11. 1983 til 20.12. 1983, en 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.12. 1983 til 20.1. 1984, en 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.1. 1984 til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól hinn 25.7. ár hvert, í fyrsta sinn 25.7. 1982, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, svo og málskostnað allt að frádregnum kr. 150.000,00 sem gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda hinn 30.3. 1982.

Þrautaþrautavarakrafa: Fallist dómurinn ekki á dráttarvaxtakröfuna í þrautavarakröfunni er krafist 37% ársvaxta af tildæmdri fjárhæð frá 25.7. 1981 til 31.10. 1982, en 45% ársvaxta frá 1.11. 1982 til 3.8. 1983, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól hinn 25.7. ár hvert, í fyrsta sinn hinn 25.7. 1982, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, en að öðru leyti eru gerðar sömu dómkröfur og í þrautavarakröfunni.

Frá þessum kröfum ber síðan, og er það hluti kröfugerðarinnar, að draga 259.717,00 krónur sem gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda 6. júlí 1984.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 6. júní 1985. Kröfur hans eru þessar:

Aðallega, að hreppurinn verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Til vara, að héraðsdómur verði staðfestur um annað en málskostnað.

Til þrautavara, að fjárhæðir verði lækkaðar.

Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi er eigandi jarðarinnar Bakkagerðis. Aðaláfrýjandi var þar ábúandi 1977-1981, og er í þessu máli deilt um uppgjör á skuld gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda sem stofnaðist vegna umbóta hins síðarnefnda á jörðinni meðan hann bjó þar.

Aðilar eru sammála um, að höfuðstóll skuldarinnar sé 585.912,00 krónur og þeir eru einnig sammála um, að frá beri að draga 154.701,25 krónur og 27.163,00 krónur. Þá eru þeir sammála um, að gagnáfrýjandi hafi greitt 150.000,00 krónur 30. mars 1982, 259.717,00 krónur 6. júlí 1984 og 209.870,00 krónur 28. nóvember 1984 og að gagnáfrýjandi hafi einnig afhent tvö skuldabréf að upphæð 200.000,00 krónur og 133.142,00 krónur, sem gagnáfrýjandi gaf út 6. júlí 1984.

Ágreiningsefni aðila eru þessi:

1. Upphafstími vaxta.
2. Heimild aðaláfrýjanda til að gjaldfella alla skuldina vegna vanskila eins og hann gerði með bréfi 1. mars 1982.
3. Skylda gagnáfrýjanda til að greiða vexti og verðbætur á þann helming skuldarinnar, sem eftir ábúðarlögum skyldi greiða í þrennu lagi á 9 mánuðum.
4. Skylda gagnáfrýjanda til að greiða dráttarvexti og þá hverja.
5. Skylda gagnáfrýjanda til að greiða vaxtavexti.

Kröfur aðaláfrýjanda í máli þessu hafa breyst meðan það hefur verið til dómstólameðferðar. Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi krafist sýknu, en aðaláfrýjandi hefur engu að síður haldið fram kröfum, sem ekki taka með glöggum hætti tillit til þess, að 28. nóvember 1984 greiddi gagnáfrýjandi 209.870,00 krónur til aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi afhenti einnig tvö skuldabréf sem fyrr getur, en óvíst er um afhendingardag. Virðist gagnáfrýjandi hafa talið að í nóvember 1984 hafi verið gert endanlega upp við aðaláfrýjanda. Við þetta bætist, að kröfugerð aðaláfrýjanda er flókin

og í henni er gert ráð fyrir, að dómsorð kveði á um höfuðstól auk margra afborgana og margþættra verðbóta og vaxta. Að því er ætla verður af málflutningi er einnig viðurkennt af aðaláfrýjanda að taka beri tillit til afhendingar skuldabréfanna, sem fyrr eru nefnd.

Stefna í málinu fullnægði ekki ákvæðum 88. gr. 1. mgr. c liðar laga nr. 85/1936 sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981 og málsreifun ekki 114. gr. laga nr. 85/1936. Vegna hinna ófullnægjandi stefnu og vegna vanreifunar verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi skv. 116. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að hvor aðili málsins beri sinn kostnað af því fyrir báðum dómum.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég hefði talið rétt, áður en máli þessu yrði vísað frá héraðsdómi ex officio, að kveðinn hefði verið upp úrskurður, skv. 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, þar sem aðiljum væri gefinn kostur á að afla nýrra útreikninga byggða á tilteknum forsendum.

Sú skoðun nýtur ekki fylgis meirihluta dómara.

Af þeim sökum greiði ég atkvæði með ómerkingu hins áfrýjaða dóms, frávisun málsins frá héraðsdómi og niðurfellingu málskostnaðar.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 13. júlí 1984.

Mál þetta, sem endanlega var dómtekið þann 13. júlí sl., hefur Jón Vídalín Jónsson, nnr. 5155-6224, bóndi, Strönd, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu höfðað fyrir aukadómþingi Norður-Múlasýslu með stefnu birtri 14. júlí 1983 á hendur Sveini Guðmundssyni, nnr. 8743-4168, oddvita, Sellandi,

Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu, f.h. sveitarsjóðs Hlíðarhrepps Norður-Múlasýslu. Oddvitaskipti hafa nú orðið í Hlíðarhreppi og hefur Björn Sigurðsson, Surtsstöðum, tekið við fyrirsvari sveitarsjóðs.

Endanlegar dómröfur stefnanda koma fram á dskj. nr. 36 og eru þessar:

Aðalkrafa:

Krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 404.047,75 auk hækkunar lánskjaravísitölu 251 til 323, kr. 115.902,14, auk 8% ársvaxta af kr. 519.949,89 frá 25.7. 1981 til 30.3. 1982, kr. 28.308,38, þ.e. alls kr. 548.258,27, að frádregnum kr. 150.000,00 sem stefndi greiddi stefnanda hinn 30.3. 1982, en kr. 398.258,27 auk hækkunar lánskjaravísitölu 323 til 537, kr. 263.861,52, auk 8% ársvaxta af kr. 662.119,79 frá 30.3. 1982 til 21.4. 1982, en 7% ársvaxta af kr. 662.119,79 frá 21.4. 1982 til 30.3. 1983, þ.e. kr. 46.734,62, en kr. 708.854,41 auk hækkunar lánskjaravísitölu 537 til 854, kr. 418.448,51, auk 7% ársvaxta af kr. 1.127.302,92 frá 30.3. 1983 til 30.3. 1984, kr. 78.911,20, en kr. 1.206.214,12 auk hækkunar lánskjaravísitölu 854 til þeirrar lánskjaravísitölu, er gildir á greiðsludegi, auk 7% ársvaxta af uppreiknuðum höfuðstól miðað við gildandi lánskjaravísitölu hinn 30.3. ár hvert og leggist þá vextir við þannig uppreiknaðan höfuðstól árlega og myndi nýja vaxtaberandi höfuðstól frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varakrafa:

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 404.047,75 auk hækkunar á lánskjaravísitölu 251 til 323 auk 8% ársvaxta frá 25.7. 1981 til 30.3. 1982, en þá að frádregnum kr. 150.000,00, sem stefndi greiddi þá stefnanda, auk hækkunar lánskjaravísitölu 323 til greiðsludags auk 8% ársvaxta frá 30.3. 1982 til 21.4. 1982, en 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og leggist vextir við uppreiknaðan höfuðstól miðað við gildandi lánskjaravísitölu hinn 30.3. ár hvert og myndi þá nýjan vaxtaberandi höfuðstól og málskostnað að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þrautavarakrafa:

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér aðra og lægri fjárhæð að mati dómsins með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 25.7. 1981 til 20.4. 1982, en 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.4. 1982 til 31.10. 1982, en 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1.11. 1982 til 20.10. 1983, en 4,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.10. 1983 til 20.11. 1983, en 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.11. 1983

til 20.12. 1983, en 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.12. 1983 til 20.1. 1984, en 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 21.1. 1984 til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól hinn 25.7. ár hvert, í fyrsta sinn 25.7. 1982, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, og málskostnað að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum kr. 150.000,00 sem stefndi greiddi stefnanda hinn 30.3. 1982.

Þrautabrautavarakrafa:

Fallist dómurinn ekki á dráttarvaxtakröfuna í þrautavarakröfunni er krafist 37% ársvaxta af tildæmdri fjárhæð frá 25.7. 1981 til 31.10. 1982, en 45% ársvaxta frá 1.11. 1982 til 3.8. 1983, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól hinn 25.7. ár hvert, í fyrsta sinn hinn 25.7. 1982, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, en að öðru leyti eru gerðar sömu dómkröfur og í þrautavarakröfunni.“

Upphaflega gerði stefndi kröfu til að málinu yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dags. 20. febrúar sl.

Stefndi gerir nú þær kröfur að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnanda.

— — —

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hliðarhreppur, skal að svo stöddu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóns V. Jónssonar, í máli þessu.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af málinu.
